

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Leikskólinn Leikgarður

2017 – 2018



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
Vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla.....	3
1. Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta leikskólaári.....	4
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	6
2.1 Innra mat leikskólans.....	6
2.2 Ytra mat.....	6
2.3 Matsáætlun/umbótaáætlun.....	7
3. Umbótaþættir SFS	8
3.1 Málþroski, læstrarfærni og lesskilningur.....	8
3.2 Verk-, tækni- og listnám.....	10
3.3 Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi.....	11
3.4 Fjölmening.....	12
4. Aðrar áherslur í stafi leikskólans	13
5. Starfsmannamál.....	14
5.1 Starfsmannahópurinn.....	14
5.2 Starfsþróunarsamtöl (skipulag, tímasetning).....	14
5.3 Símenntun frá síðasta ári (námskeið, hvaða hópar sóttu námskeið og fl.).....	15
5.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum	16
6. Aðrar upplýsingar.....	17
6.1 Barnahópurinn 1. júní.....	17
6.2 Foreldrasamvinna	17
6.3 Samstarf leik- og grunnskóla.....	17
6.4 Almennar upplýsingar	18
7. Fylgiskjöl.....	19

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

1. Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta leikskólaári

Leikskólastarfið síðasta skólaár gekk í heild sinni vel hvað varðar að þróa og betrubæta skólastarfið. Starfsáætlun leikskólans stóðst að mestu leyti, þó eru alltaf einhver verkefni sem ekki klárast. Sum verkefni þurftu einfaldlega lengri tíma en starfsáætlun sagði til um.

Það má með sanni segja að deildarstjórar hafi eflt sig enn frekar í faglegri forystu og deildarfundir/fagfundir voru haldnir reglulega á hálfsmánaðar fresti. Lagt var upp með að áherslur leikskólans endurspegluðust enn frekar í verkum og viðhorfum starfsfólksins og að markmið og hugmyndafræði leikskólans kæmi skýrt fram.

Á starfsdögum þann 16. og 17. september 2016 var farið í innleiðingu í kafla III í PQA – Samskipti kennara og barna - Adult-Child Interaction og kom sú vinna vel út.

Við fengum sjúkraþjálfara hálfsmánaðarlega til okkar sem fór yfir líkamsbeitingu með starfsfólki, hvernig á að beita líkamanum í starfi með ungum börnum. Mæltist það mjög vel fyrir og er áætlað að halda áfram þeirri vinnu næsta skólaár.

Vel gekk að fá starfsfólk í haust og var leikskólinn fullmannaður frá miðjum ágúst. Bókakostur leikskólans var endurnýjaður ásamt húsgögnum.

Skemmtilegt er frá því að segja að þýskir leikskólakennaranemar voru í vettvangsnámi við leikskóla FS frá 10. apríl til 30. júní og voru þær afskaplega ánægðar með sinn tíma hjá okkur. Þann 22. til 24. maí kom kennari þeirra frá Þýskalandi til að kynna sér starfið og starfsaðstæður og var hann mjög ánægður með allt hjá okkur.

Allir leikskólar FS eru orðnir þátttakendur skólar á grænni grein. Í septmber fengu leikskólar FS afhent skjöl frá Landvernd, þar sem fram kemur að leikskólarnir vilja auka menntun og þekkingu og efla virðingu fyrir náttúru og umhverfi, stuðla að góðri umgengni og sjálfbærri nýtingu. Í þeim tilgangi hafa leikskólar FS gengið til liðs við verkefnið *skólar á grænni grein* og stefna að því að stíga „skrefin sjö“.

Barnahópurinn endurnýjast á hverju ári og því er aðlögun stór hluti af okkar starfi. Leikskólinn er samfélag þar sem fullorðnir og börn byggja upp þekkingu saman og staður námstækifæra. Þetta er fimmta árið okkar þar sem við störfum eftir hugmyndafræði þátttökuaðlögunar. Þátttökuaðlögun byggir m.a. á þeirri trú að foreldrar yfirfæri eigin öryggiskennd og forvitni í þessum nýju aðstæðum á börnin sín. Með því að foreldrar séu þátttakendur frá fyrsta degi öðlast þeir öryggi um dagskipulagið og það nám sem fram fer í leikskólanum. Þannig fá þeir góða innsýn í starfið og kynnast kennurum, börnum og öðrum foreldrum í leikskólanum. Hugmyndafræðin á bak við þetta nýja ferli aðlögunar er **öruggir foreldrar = örugg börn.**

Við höldum okkar árlegu sumarhátíð í júní, vorum með aðventukaffi fyrir foreldra og höldum

litlu jólin.

Við hér á Leikgarði höldum áfram að leggja áherslu á að efla kennara í að vinna eftir HighScope stefnunni í öllum þáttum dagskipulagsins, að eiga opin og jákvæð samskipti við foreldra barnanna og að gagnkvæmt upplýsingastreymi sé gott. Helstu áherslurnar næsta skólaár verður á starfsmannahópinn, að þetta hann og styrkja og það verður meðal annars gert með nýliðafræðslu, sem er námskeið sniðið að þeim sem eru að hefja störf á leikskólum FS. Það er í höndum þróunarstjóra HighScope sem hefur verið okkur innan handar allt síðasta skólaár í að efla okkur í HighScope, með núvitundarnámskeið, námskeið í þroska barna og endum svo veturinn með námsferð til Írlands í maí á næsta ári.

Við horfum björtum augum til framtíðar hér á Leikgarði. Er það okkar trú að með samheldnum og góðum hóp innan leikskólans verði hið góða starf sem þegar er unnið enn betra. Góð þjónusta - Virk samvinna - Jákvæð upplifun - Markviss árangur. Þannig skóli viljum við vera.

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun¹

2.1 Innra mat leikskólans

- Hvaða þáttur leikskólastarfsins var metinn?
Samskipti barna og kennara – Adult-Child Interaction.
- Hvenær / hve oft (skipulag matsins)?
Haustið 2016 hófst innleiðing á kafla III í PQA, samskipti kennara og barna. Adult-Child Interaction.
- Matsaðferðir leikskólans / matsgögn sem nýtt voru við matið. Öll matsgögn, s.s. heimagerð matsgögn fylgi sem fylgiskjöl.
PQA matslisti.
- Hverjir tóku þátt í matinu (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)?
Deildarstjórar og kennarar. Skipt var í tvö hópa. Fyrri hópurinn fjallaði um samskipti kennara og barna með áherslu á barnið og seinni hópurinn fjallaði um samskipti kennara með áherslu á kennarann.
- Helstu niðurstöður innra mats, styrkleikar og veikleikar.
Helstu niðurstöður úr fyrra hópnum var að börnin eru opin fyrir samskiptum við kennarann og samvinnu. Kennarar sýna hverju barni sérstaka athygli og börnin taka þátt og þau hafa val. Helstu niðurstöður hjá seinni hópnum var að kennarinn þarf að vera duglegri að lýsa gjörðum barnanna og tala rólega. Kennararnir voru sammála um mikilvægi vals fyrir börnin t.d. hvaða smekk þau vilja. Það getur skipt öllu fyrir barnið en engu máli fyrir kennarann. Því er val nauðsynlegt og skipar stóran sess í okkar starfi.
- Umbætur út frá niðurstöðum innra mats.
Áætlað að gera niðurstöður í janúar 2018. Þá ættu allar deildar að vera komnar með 4,5 í þessum kafla.

2.2 Ytra mat

Var gert mat á leikskólastarfinu á vegum SFS, menntamálaráðuneytis eða annarra aðila á síðasta ári? Ef svo er, látið eftirfarandi koma fram:

- Hver gerði matið?
Skóla og frístundasvið Reykjavíkurborgar.
- Hver var tilgangurinn?
Markmið könnunarinnar var að skoða viðhorf foreldra til leikskólans, líðan og stuðningvið barnið, upplýsingaflæði og stjórnun.
- Matsaðferð.
Foreldrar sem áttu barn skráð í leikskóla í Reykjavík í febrúar 2017 fengu senda beiðni um þátttöku í tölvupósti.
- Helstu niðurstöður.
Helstu niðurstöður voru að við vorum að koma 100% út þar sem foreldrar svöruðu að barninu þeirra líður vel í leikskólanum. 100% þar sem, starfsfólkið þekkir þarfir barnsins. 100% þar sem foreldrar telja að barnið sé öruggt í leikskólanum. 94% foreldra er ánægður með stefnu leikskólans og 95 % segja að stjórnendur leggji sig

¹ Bent er á að nýta má fylgirit/skema um umbótaáætlun til að setja inn umbætur á grunni innra og ytra mats

fram við að vera sýnilegir í daglegu starfi leikskólans.

- Umbætur út frá niðurstöðum ytra mats.
Halda áfram að gera góðan skóla að betri skóla.

2.3 Matsáætlun/umbótaáætlun

- Hvaða þætti leikskólastarfsins er áætlað að meta (matsáætlun)?
Haust og vetur 2017 -2018 hefst innleiðing á kafla II.C – Child-initiated – choice times – val og leikstund. Sjá umbótaráætlun.
- Leiðir að umbótum (Hvaða aðgerð/ir stuðla að umbótum)?
Starfsdagar og vettvangsathugun.
- Hvenær/hve oft verður metið (skipulag matsins/matsáætlun)?
Metið verður á vinnutíma og á starfsmannafundum í janúar og apríl 2018.
- Hver ber ábyrgð á að umbætur komist til framkvæmda?
Próunarstjóri, leikskólastjóri, deildarstjórar og allt starfsfólk leikskólans.
- Hvaða matsaðferðir/matsgögn er áætlað að nýta?
PQA lista sem er staðlaður matslisti HighScope en hann tekur til fjöggurra þárra sem eru námsumhverfi, dagskipulag, samskipti barna og kennara og skipulag og mat.
- Hvenær á að meta heildarniðurstöður?
Apríl 2018.

3. Umbótaþættir SFS

3.1 Í starfsáætlun skóla- og frístundsviðs 2017-2018 verður áfram lögð áhersla á fjóra umbótaþætti og sett fram dæmi um hlutverk starfsstaða fyrir hvern þeirra.

Í þessum kafla skal gerð grein fyrir hvernig leikskólinn hyggst dýpka sig í vinnu á þessum umbótaþáttum byggt á vinnu síðasta árs.

3.1 Málþroski, læstrarfærni og lesskilningur

Framtíðarsýn um málþroska, læsi og lesskilning

- Öll börn í grunnskólum getilesið sér til gagns.
- Samfella verði í móðurmálsnámi og þverfaglegt samstarf þar um í skóla- og frístundastarfi.
- Börn og unglingar verði gagnrýnir og meðvitaðir notendur fjölmiðla og samfélagsmiðla.
- Í öllu skóla- og frístundastarfi verði áhersla á læsi í víðum skilningi, t.d. umhverfislæsi og fjármálalæsi.

Dæmi um hlutverk starfsstaða:

- Beita snemmtækri íhlutun til að bregðast við niðurstöðum greininga um málþroskaröskun eða lestrarörðugleika og til þess að fyrirbyggja erfiðleika í þroska og námi.
- Efla samstarf við foreldra um læsi barna og ungmenna og skerpa á hlutverki þeirra í lestrarþjálfun barna alla skólagönguna.
- Vinna á markvissan hátt með bernskulæsi í leikskólum á grunni læsisstefnu leikskóla.
- Vekja áhuga barna og ungmenna á læsi á fjölbreyttan hátt.
 - Gerð grein fyrir áherslum leikskólans til umbóta.
Allt starfsfólk kynni sér læsisstefnu FS og bókakost leikskólans (bækur voru endurnýjaðar vorið 2017)
 - Markmið.
Gera bækur aðgengilegri og leggja áherslu á unnið sé markvisst með bækur. Einnig að efla kennara í að nota daglegar athafnir til samskipta.
 - Hver er ábyrgur?
Leikskólastjóri, deildarstjórar og allt starfsfólk leikskólans.
 - Hvernig og hvenær verður árangur metinn?

PQA matslisti HighScope vorið 2018.

3.2 Verk-, tækni- og listnám

Framtíðarsýn um verk-, tækni- og listnám

- Skapandi starf verði grundvallarþáttur í námi og þroska barna og ungmenna þar sem stuðst verði við fjölbreytta kennsluhætti og vinnubrögð.
- Börn hafi jöfn tækifæri til verk-, tækni- og listnáms hvar sem þau búa í borginni.
- Börn og unglingar fái fjölbreytt tækifæri til óformlegs list-, tækni- og verknáms í frístundastarfi.
- Upplýsingatækni verði nýtt til að efla hæfni barna og ungmenna til að vinna úr upplýsingum og takast á við fjölbreytt og skapandi viðfangsefni.
- Unglingar fái verklega framhaldsskólaáfanga metna sem valgreinar í grunnskólanámi.

Dæmi um hlutverk starfsstaða SFS:

- Nýta fjölbreyttar leiðir til að vekja áhuga barna á verk-, tækni- og listgreinum í skóla- og frístundastarfi, m.a. í samstarfi við fagfélög og vinnumarkað.
- Finna leiðir til að vinna að nýsköpunarverkefnum.
- Vinna að því að nýta aðstöðu fyrir verk-, tækni- og listfræðslu þvert á skóla- og frístundastarf, t.d. sérgreinastofur, bókasöfn og útikennslusvæði.
- Efla enn frekar tækifæri á sviði verk-, tækni- og listnáms á vettvangi frístundastarfs.
 - Gerð grein fyrir áherslum leikskólans til umbóta.
Leikgarður heldur áfram með sitt frábæra starf.
 - Markmið.
Að sjá öllum börnum fyrir fjölbreyttum efnivið sem höfðar til allra skynfæranna.
 - Hver er ábyrgur?
Leikskólastjóri, deildarstjórar og starfsfólk leikskólans.
 - Hvernig og hvenær verður árangur metinn?
PQA matslisti HighScope vorið 2018.

3.3 Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi

Framtíðarsýn um lýðræði jafnrétti og mannréttindi

- Börn og ungmenni verði með sterka sjálfsmýnd og meðvituð um almenn mannréttindi, jafnrétti kynja og staðalmyndir.
- Virðing verði borin fyrir réttindum og hæfileikum allra barna og ungmenna.
- Börn og ungmenni verði virk í ákvörðunum um eigið nám og starf.
- Lýðræðislegt gildismat mótist í öllu námi og starfi og börn og ungmenni læri til lýðræðis í gegnum lýðræðisleg vinnubrögð.

Dæmi um hlutverk starfsstaða SFS

- Auka áhrif barna og ungmenna á inntak, skipulag og forgangs röðun í skóla- og frístundastarfi.
- Leggja áherslu á frumkvæði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi.
- Nýta niðurstöður rannsókna á nemendamiðuðu skóla- og frístundastarfi og hvetja starfsfólk til að sækja námskeið og ráðstefnur um lýðræðislegt skóla- og frístundastarf.
- Gæta jafnréttis á öllum sviðum og vinna að eflingu skóla- og frístundastarfs án aðgreiningar.
- Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar verði framfylgt á öllum starfsstöðvum SFS.
- Auka kynfræðslu í skóla- og frístundastarfi og efla kynjafræðiþekkingu starfsfólks með áherslu á að nýta þekkingu úr kynja- og hinsegin fræðum.
 - Gerð grein fyrir áherslum leikskólans til umbóta.
Halda áfram að bera virðingu fyrir hverjum og einum einstaklingi.
 - Markmið.
Jöfn hlutdeil allra barna birtist í starfi á deildum.
 - Hver er ábyrgur?
Leikskólastjóri og deildarstjórar.
 - Hvernig og hvenær verður árangur metinn?
PQA matslisti HighScope vorið 2018.

3.4 Fjölmening

Framtíðarsýn um fjölmeningu

- Fjölbreyttir kennslu- og starfshættir komi til móts við þarfir allra barna og ungmenna.
- Öll börn nái árangri í íslensku og börn með annað móðurmál verði studd til að viðhalda og efla það.
- Haft verði frumkvæði að samstarfi við foreldra.

Dæmi um hlutverk starfsstaða SFS:

- Eru með virka íslenskukennslu fyrir börn af erlendum uppruna með áherslu á virkt tvítyngi.
- Nýta möguleika til að vera með móðurmálskennslu fyrir börn af erlendum uppruna.
- Tryggja að öll börn hafi jafnt aðgengi að fjölbreyttu frístundastarfi, ekki síst börn af erlendum uppruna.
- Leita nýrra leiða til að efla samstarf við foreldra barna af erlendum uppruna.
- Leggja áherslu á gagnkvæma aðlögun og samskipti barna óháð uppruna.
 - Gerð grein fyrir áherslum leikskólans til umbóta.
Menning barnanna verði sýnilegri í skólanum.
 - Markmið.
Að öll börn burt séð frá uppruna þeirra eiga að fá jöfn tækifæri til náms.
 - Hver er ábyrgur?
Leikskólastjóri, deildarstjórar og allt starfsfólk leikskólans.
 - Hvernig og hvenær verður árangur metinn?
PQA matslisti HighScope vorið 2018.

4 Aðrar áherslur í stafi leikskólans

Aðrar/fleiri áherslur sem hafa ekki nú þegar komið fram í starfsáætlun leikskólans

Síðasta vetur var unnið að líkamsbeitingu fyrir starfsfólk leikskóla FS. Þá kom sjúkraþjálfari inn tvisvar í mánuði og kenndi starfsfólki vinnustaðabeitingu með ungum börnum. Áætlað er að halda þeirri vinnu áfram á þessum vetri.

Einnig verður lögð áhersla á núvitund í starfi og eru þjú námskeið á haustönninni 2017 um núvitund.

- ✓ Markmið:
Leikgarður heldur áfram að vinna sitt frábæra starf og gera gott starf ennþá betra. Lögð verður áframhaldandi vinna í að leggja áherslu á mannauðin þ.e. að efla kennara í að vinna eftir HighScope stefnunni í öllum þáttum dagaskipulagsins. Með núvitundarnámskeiði og vinnustaðabeitingu.
 - Leiðir að markmiði.
Starfsmannafundir og starfsdagar verða nýttir.
 - Hver er ábyrgur?
Deildarstjórar og leikskólastjóri.
 - Hvernig og hvenær verður markmið metið?
Með PQA og könnunn um starfsánægju vor 2018.
- ✓ Næsta markmið ef fleiri en eitt, leiðir, mat o.s. frv.
Aðrar áherslur eru að efla enn frekar og betrubæta samstarf við foreldra. Það gerum við með því að samræma enn frekar upplýsingaflæði frá öllum deildum, samskipti við foreldra í upphafi og lok dags, tölvupóstasamskiptum, facebook, upplýsingartöflu fyrir framan hverja deild og karellen samskiptaforitið.

5 Starfsmannamál

5.1 Starfsmannahópurinn

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólastjóri	1	1 stöðugildi	Leik- og grunnskólakennari, Magister Educationis M.Ed meistarafráða í stjórnun menntastofnana
Leikskólakennarar	3	2.13 stöðugildi	Leikskólakennarar með leyfisbréf þar af einn leikskólakennari einnig Highscope kennari og einn leikskólakennari með leyfisbréf til grunnskólakennslu
Starfsmenn með háskólapróf án uppeldismenntunar	6	6 stöðugildi	Einn með kennsluréttindi/tónlistakennari, ein með BA í kvikmyndafræði með áherslu á bókamenntafræði. Ein með BA í þjóðfræði. Ein með BS í Jarðeðlisfræði. Ein MS í mannauðstjórnun. Ein með B.A í japönsku
Starfsmenn með menntun á framhaldsskólastigi (stúdentspróf og iðnmenntun)	6	5 stöðugildi	Sex með stúdentspróf og iðnmenntun. Þar af tveir á þriðja ári í grunnskólakennarafræðum við Háskóla Íslands.
Starfsmenn án framhaldskólamenntunar	6	4.34 stöðugildi	Grunnskólapróf
Matráður	2	1,50 stöðugildi	Stúdent. Ein 50% aðstoð í eldhúsi.

5.2 Starfsþróunarsamtöl (skipulag, tímasetning)

Starfsþróunarsamtöl eru áætluð á vormánuðum 2018. Leikskólastjóri sér um að taka viðtölin við allt starfsfólk leikskólans. Í þeim er farið í starfsþróun, hvað má gera til að bæta starfið og hvað þarf að leggja áherslu á. Hver starfsmaður er boðaður með viku fyrirvara og er reiknað með klukkutíma í hvert starfsþróunarsamtal. Hver starfsmaður fær undirbúningsblað til að undirbúa sig. Í starfsþróunarviðtali kemur m.a. fram

- Hvernig líður þér í vinnunni.
- Hvað ert þú ánægð(ur) óánægð(ur) með í starfinu? Hvað er hægt að gera betur?
- Hvernig er starfsandinn í vinnunni? ríkir starfsgleði, samvinna, tillitsemi og virðing? Hvernig er starfsandi meðal starfsmanna og stjórnenda? er hægt að bæta þarna um ?
- Ert þú ánægð(ur) með verkefni sem þér eru falin?
- eru einhver verkefni sem þú gjarnan vilt taka að þér?
- Hvernig er upplýsingaflæði innan deildar?
- Er þér ljóst hvaða væntingar og kröfur eru gerðar til þín í starfi?
- Eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?

Starfsþróunarviðtöl eru trúnaðarsamtal milli stjórnenda og starfsmanna. Markmiðið með starfsþróunarsamtölunum er:

- Að starfsfólk fái tækifæri til að tala í trúnaði um vinnustaðinn og starfsumhverfið.
- Að greina áhugasvið viðkomandi, sterkar og veikar hliðar og reyna að bregðast við þeim.
- Að kanna hvert hugur starfsmannsins stefnir í starfi.
- Að afla upplýsingar vegna áætlana um símenntun

5.3 Símenntun frá síðasta ári (námskeið, hvaða hópar sóttu námskeið og fl.)

- 15. ágúst 2016. Leikskólastjórar og deildarstjórar leikskóla FS fóru á námskeið í notkun tímon.
- 19. september 2016. Leikskólastjórar og deildarstjórar leikskóla FS fóru á námskeið í notkun viðverusamtala.
- 3. október 2016. Leikskólastjórar og deildarstjórar leikskóla FS fóru á framhaldsnámskeið í notkun viðverusamtala.
- 7. október 2016. Nýliðafræðsla HighScope fyrir alla nýja starfsmenn leikskóla FS.
- 15. nóvember 2016. HighScope námskeið fyrir allt starfsfólk Leikgarðs. Farið í hópastarf og val með yngri börnum.
- 21. nóvember 2016. Einn starfsmaður á trúnaðarmannanámskeið hjá Eflingu.
- 14. og 15. desember 2016. Tveir starfsmenn í öryggisnefnd á námskeið í öryggisnefnd á vegum FS.
- 14. janúar 2017. Skyndihjálparnámskeið fyrir allt starfsfólk leikskóla FS.
- 24. janúar 2017. Leikskólastjóri og deildarstjóri á fyrirlestur um starfsánægju – samskipti og starfsgleði.

- 30. janúar til 3. febrúar 2017. Einn starfsmaður á trúnaðarmannanámskeið hjá Eflingu.
- 10. febrúar 2017. Einn deildarstjóri á námskeið hjá endurmenntun HÍ um gott námsumhverfi fyrir yngstu börnin.
- 3. mars 2017. Leikskólastjóri og deildarstjórar á ráðstefnu „*sköpum Framtíðina*“ á vegum SSSK í Hörpu.
- 18. maí 2017. Einn starfsmaður á trúnaðarmannanámskeið hjá Eflingu.

5.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

- Símenntunaráætlun leikskólans (áherslur í fræðslu út frá umbótaáætlun, áherslum leikskólans og starfsþróunarsamtölum).

Önnur fræðsla (t.d. námsferðir, ráðstefnur, málþing).

- **28. september 2017 – Námskeið í núvitund, fyrri hluti.**
- **6. október 2017 – Nýliðanámskeið í HighScope.**
- **6. og 7. október 2017 - Matreiðslunámskeið fyrir alla matráða leikskóla FS.**
- **24. Október 2017 - Námskeið í núvitund, seinni hluti.**
- **17. nóvember 2017 – Námskeið í núvitund – lokahluti.**
- **28. nóvember 2017 – HighScope námskeið framhaldsnámskeið í HighScope.**
- **2. janúar 2018 – Unnið að innra starfi leikskólans.**
- **27. febrúar 2018 – Námskeið í þroska barna**
- **20. mars 2018 – Námskeið í þroska barna – framhald**
- **28. apríl 2018 - Unnið að innra starfi leikskólans.**
- **11 til 14. maí 2018 - Námsferð til Írlands.**

Skólinn hefur miklar væntingar til símenntunnar kennara og starfsfólks og hvetur alla til að nýta sér starfsmannasjóði sína eins og kostur er og sækja þau námskeið sem gagnast þeim í starfi. Öll símenntun er af hinu góða bæði fyrir þá sem sækja námskeið og einnig fyrir framþróun í skólastarfinu. Á sérstöku skráningarblaði er haldið utan um endurmenntun hvers starfsmanns.

6. Aðrar upplýsingar

6.1 Barnahópurinn 1. júní

- Fjöldi barna í leikskólanum.
Fjöldi barna við leikskólann er 63.
- Kynjahlutfall.
35 stúlkur og 28 Ddrengir.
- Dvalarstundir.
Heildardvalarstundir/dvalargildi við skólann eru 1008.
- Fjöldi barna sem nutu stuðnings.
Eins og staðan var 1. júní var eitt barn sem naut stuðnings.
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku.
Fjöldi barna af erlendum uppruna eru 7. Þar af eru 3 sem annað foreldri er erlent.
- Fjöldi tungumála.
íslenska, enska, pólska, þýska, spænska, víetnamska og filippeyska.

6.2 Foreldrasamvinna

Foreldraráð (fjöldi fulltrúa, hvenær er kosið, framkvæmd starfsins). **Í foreldraráði er einn fulltrúi frá hverri deild og leikskólastjóri. Kosið er í ráðið á foreldrakynningu í október ár hvert.**

- Foreldrafundir (dagsetningar, fyrirkomulag).
Almennur foreldrafundur/kynning er í byrjun október ár hvert. Þá er starfið kynnt fyrir næsta skólaár ásamt hagnýtum upplýsingum. Einnig er almennur foreldrafundur um miðjan október sem helgaður er HighScope stefnunni. Á þeim fundi fá foreldrar ítarlega kynningu á stefnu leikskólans.
- Foreldraviðtöl (fyrirkomulag, tímabil).
Foreldraviðtöl eru í lok febrúar og byrjun mars 2018. Deildarstjóri sér um þessi viðtöl. Foreldrar skrá sig á þann tíma sem hentar þeim á þar til gerð skráningarblöð sem hanga á hverri deild. Í þessum viðtölum gefst tækifæri fyrir foreldra og kennara að fylgjast með þroska og ánægju barnsins í leikskólanum. Eins geta foreldrar alltaf fengið viðtal við deildarstjóra og/eða leikskólastjóra þegar þeim hentar fyrir utan boðaðan foreldrafund.
- Foreldrafélag.
Foreldrafélag er starfrækt við leikskólann og er eitt foreldri af hverri deild. Kosið er í ráðið á foreldrafundi í október ár hvert

6.3 Samstarf leik- og grunnskóla

- Áætlun vetrarins.
- Samstarfsverkefni ef einhver eru.
- Nýjungar/breytingar ef einhverjar eru.
Þessi liður á ekki við þar sem við erum ung barnaleikskóli.

6.4 Almennar upplýsingar

Skipulagsdagar (dagsetningar og upplýsingar um hvaða skipulagsdagar eru á sama tíma og starfsdagar starfsfólks og frídagar nemenda í grunnskólum).

Þessi liður á ekki við þar sem við erum ungbarnaleikskóli.

7. Fylgiskjöl

7.1 Matsgögn – Umbótaráætlun 2017 – 2018

7.2 Leikskóladagatal 2017 – 2018

7.3 Umsögn foreldraráðs

Reykjavík 16. Október 2017

F.H leikskólans Leikgarðs

**María Petrína Berg
Leikskólastjóri**